



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku
Leiðbeiningar

Útg.dagur 8.6.2022
Útg.nr.: 01 Samþ.: SIÓ

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku skulu framhaldsskólar setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Áætlunin á að taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veitt er.

Í móttökuáætlun felst m.a. að;

- unnið sé í nánú samstarfi við þann grunnskóla hér á landi sem nemandi kemur frá, sé um slíkt að ræða,
- skóli safni upplýsingum um bakgrunn nemenda og aðstæður foreldra, til að geta mætt einstaklingsbundnum þörfum þeirra sem best,
- gerð sé einstaklingsnámskrá sem taki mið af bakgrunni og málasvæði nemenda, tungumálafærni, kunnáttu og hæfni á öðrum námssviðum,
- skipuleggja samráð milli starfsfólks og sérfræðinga innan skólans um málefni nemenda,
- nemendum sé tryggður aðgangur að náms- og starfsráðgjöf skólans,
- styrkja félagsleg tengsl og gagnkvæma félagslega aðlögun milli erlendra nemenda og íslenskra til að rjúfa félagslega einangrun, sé hún til staðar,
- í upplýsingagjöf til nemenda og foreldra sé gerð grein fyrir helstu starfsháttum skóla, þjónustu, samstarfi og reglum,
- tryggja að upplýsingar um annan stuðning séu fyrir hendi, s.s. um heimanám og aðra aðstoð, túlkþjónustu, samstarf við heimilin, foreldraviðtöl og -fundi, þjónustu í hverfi og nærsamfélagi og samstarf við stofnanir utan skóla,
- tryggja upplýsingagjöf til nemenda og foreldra um starfsemi skólans utan lögbundinnar kennslu, s.s. um félags- og tólmundastarf og íþróttá- og æskulýðsstarf.

Fjölbrautaskóli Vesturlands kemur til móts við ofangreind ákvæði reglugerðarinnar með eftirfarandi hætti:

Innritun nemenda

Nemendur innrita sig rafrænt í gegnum heimasíðu Menntagáttar, <https://mms.is/innritun-i-framhaldsskola> hafi þeir tök á. Ef ekki geta þeir ásamt forráðamanni og/eða túlki, eftir því sem við á, komið á skrifstofu skólans og fengið aðstoð við umsókn á sérstökum umsóknareyðublöðum skólans.

Móttökuviðtal

Náms- og starfsráðgjafi hefur frumkvæði að því að boða nemendur, ásamt forráðamanni ef nemandi er yngri en 18 ára, í móttökuviðtal. Það er í hans höndum að skipuleggja móttökuviðtal fyrir hvern nemanda skólans með annað móðurmál en íslensku. Túlkur sem skólinn útvegar verður viðstaddur ef þess er þörf.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Varðandi nemendur sem eru nýútskrifaðir úr grunnskóla: Staðan er tekin í júní.

Varðandi nemendur sem koma annars staðar frá og á öðrum tíma: Staðan er tekin þegar skólavist er framundan.

Í viðtalinu er leitað eftir upplýsingum um þarfir nemandans;

- aflað upplýsinga um bakgrunn nemanda og aðstæður hans til þess að geta mætt einstaklingsbundum þörfum hans sem best.
- veittar allar nauðsynlegar upplýsingar um starfshætti skólans, þjónustu og skólareglur; í framhaldi kemur til kynning á húsnæðinu, hvar nemandinn nálgast náms- og starfsráðgjafa, áfangastjóra, skólameistara, eftir atvikum sérstakan tengilið í skólanum og hvar skrifstofan er.
- farið yfir þann stuðning sem nemandanum stendur til boða í skólanum, þ.e. aðgengi að náms- og starfsráðgjafa, kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og stuðningsáfangu, ýmis úrræði varðandi próftöku og mögulega liðveislu.
- veittar upplýsingar um starfsemi sem er í boði fyrir utan lögbundna kennslu, t.d. félags- og tómstundastarf á vegum nemendafélags skólans.

Samstarf við foreldra/forráðamenn og grunnskóla, eftir því sem við á

Komi nemandinn úr íslenskum grunnskóla óskar náms- og starfsráðgjafi eftir samþykki forráðamanna fyrir upplýsingaöflun þaðan, sbr. lög um farsæld barna nr. 86/2021, þannig að sem best verði komið til móts við þarfir nemandans.

Komi nemandinn úr öðru skólaumhverfi: Upplýsingaöflun, að því marki sem hún er möguleg, er í samstarfi við forráðamann og með aðkomu tólks eftir því sem þörf krefur.

Einstaklingsmiðað nám

Skólinn leitast við að veita öllum nemendum sínum kennslu við hæfi og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Jafnframt er lögð áhersla á að hver nemandi sé ábyrgur fyrir eigin námi.

Áfangar sem nemandinn er skráður í eru valdir í samráði við hann.

Öllum nemendum með annað móðurmál en íslensku, og hafa ekki nægan grunn fyrir almenna íslenskuáfangu, gefst kostur á að taka íslensku sem annað mál í staðinn.

Nemandinn skipuleggur nám sitt í samráði við náms- og starfsráðgjafa sem aðstoðar hann einnig að meta þann stuðning sem hann þarf á að halda. Nemandinn blandast inn í almenna áfangu til að styrkja félagsleg tengsl og til að lágmarka hættu á félagslegri einangrun.

Samstarf kennara og sérfræðinga innan skólans

Náms- og starfsráðgjafi og/eða kennari í stuðningsáfangu miðla upplýsingum til kennara sem kenna viðkomandi nemendum.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Eftirfylgni og skipulag

Áfangastjóri, náms- og starfsráðgjafi og kennari í stuðningsáfangum fylgjast skipulega með námsframvindu nemandans. Þeir grípa inn í ef námsframvinda, mætingar eða félagsleg aðlögun nemandans eru óviðunandi og leita leiða til úrbóta. Nemendurnir hafa aðgang að tengilið og félagsþjónustu skv. farsældarlögum.

Móttökuáætlunin er endurskoðuð eftir þörfum.